

Skákkennsla grunnskólabarna



Frá skáknámsskeiðinu s.l. haust



Fischersetrið á Selfossi

Fischersetrið á Selfossi mun í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg og Skákskóla Íslands standa fyrir skákkennslu fyrir grunnskólabörn í Fischersetrinu á laugardögum frá kl. 11.00–12.30. Yfirumsjón með kennslunni hefur Helgi Ólafsson, stórmeistari og skólastjóri Skákskóla Íslands.

Alls verða þetta 10 laugardagar og fyrsti tími verður laugardaginn 11. jan. nk. Samstarfsverkefnið snýr að eflingu skákípróttarinnar meðal barna og stefnt er að enn fleiri verkefnum í framtíðinni.

Þeir sem hafa áhuga á skákkennslunni eru beðnir um að mæta u.þ.b. 30 mínútum áður en fyrsta æfing hefst til að ganga frá skráningu og greiðslu nemendagjalds sem er kr. 4.500 fyrir þessi 10 skipti.

Varðandi frekari upplýsingar þá vinsamlegast hringið í síma 894-1275 eða sendið tölvupóst á netfangið fischersetur@gmail.com

Fischersetrið á Selfossi.